

ÁRSSKÝRSLA 2017



BRÚ
Lífeyrissjóður

Efnisyfirlit

- 3 Ávarp formanns**
- 5 Starfsemi Brúar lífeyrissjóðs**
 - 5 Sjóðfélagar
 - 5 Þrjár samtryggingardeildir
 - 5 Rekstur annarra sjóða
 - 5 Umfang
- 6 Starfsemi ársins**
 - 6 Breytingar á A og V deild vegna lagabreytinga
 - 6 Sameiningar í B deild
 - 6 Eignastýring og útvistun
 - 7 Upptaka nýrra undirkerfa
 - 7 Vöxtur í sjóðfélagalánum
 - 8 Annað
- 9 Þróun á mörkuðum**
 - 9 Innlend skuldabréf
 - 9 Innlend hlutabréf
 - 9 Erlend verðbréf og gengi gjaldmiðla
- 10 Stjórn og framkvæmdastjóri**
- 11 Starfsmenn sjóðsins**
- 12 A deild**
 - 12 Lykiltölur
 - 13 Um deildina
 - 13 Helstu breytingar á árinu
 - 15 Réttindaávinnsla
 - 16 Tryggingafræðileg staða
 - 17 Iðgjöld
 - 18 Lífeyrir
- 19 V deild**
 - 19 Lykiltölur
 - 20 Um deildina
 - 20 Helstu breytingar á árinu
 - 20 Réttindaávinnsla
 - 20 Tryggingafræðileg staða
 - 20 Iðgjöld
 - 21 Lífeyrir
- 22 Eignir A og V deilda**
 - 22 Ávöxtun ársins
 - 22 Kaup og sala ársins
 - 23 Sjóðfélagalán
 - 24 Verðbréfaeign í árslok
 - 25 Fjárfestingarstefna A og V deilda 2018
- 27 B deild**
 - 27 Lykiltölur
 - 28 Um deildina
 - 28 Helstu breytingar á árinu
 - 28 Réttindaávinnsla
 - 28 Tryggingafræðileg staða
 - 29 Iðgjöld
 - 30 Lífeyrir
 - 31 Ávöxtun ársins
 - 31 Kaup og sala ársins í B deild
 - 32 Verðbréfaeign í árslok
 - 33 Fjárfestingarstefna B deildar 2018
- 35 Áhættustýring**
- 36 Stjórnarháttayfirlýsing**
- 40 Ársreikningur 2017**

Ávarp stjórnarformanns



Árið 2017 var gott ár í ávöxtun hjá Brú lífeyrissjóði en nafnávöxtun sjóðsins var 7,9% sem samsvarar til 6% raunávöxtunar. Meðaltalsraunávöxtun sjóðsins til 5 ára var 4,8%. Þessi góða afkoma nú skýrist einkum af góðri ávöxtun innlendra skulda- bréfa og erlendra hlutabréfa. Breytingin á A deild sjóðsins endurspeglast í ársreikningi fyrir árið 2017. Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 190.559 milljónum króna í árslok 2017 en var 128.475 milljónir króna árið á undan. Breytingin á milli ára skýrist af góðri ávöxtun, uppgjöri skuldbindinga í B deild, sameiningu við Eftirlaunasjóð Reykjanesbæjar og uppgjöri launagreiðenda vegna breytinga á A deild.

Sjóðfélagar rufu hundraðþúsund múrinn á árinu og áttu alls 100.083 einstaklingar réttindi í sjóðnum. Þess má geta að Brú lífeyrissjóður rekur einnig Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóð starfsmanna Kópavogsbæjar og í þeim eiga samanlagt 118.020 einstaklingar réttindi. Brú lífeyrissjóður gætir því hagsmuna fyrir u.þ.b. þriðjung landsmanna og er starfsemin umfangsmikil eftir því.

Miklar breytingar einkenndu árið og var sú stærsta án vafa breytingin á A deild sem var viðamikil og vandasöm. Í desember 2016 var gerð breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem hafði einnig áhrif á A deild Brúar. Breytingarnar komu til framkvæmda 1. júní 2017 en þá var réttindaávinnslu A deildar breytt úr jafnri réttindaávinnslu yfir í aldurstengda réttindaávinnslu; lífeyrisaldur var samræmdur við almennan vinnumarkað; óbein ábyrgð launagreiðenda er ekki lengur til staðar nema fyrir þá sjóðfélaga sem byrjaðir voru á lífeyri fyrir 1. júní 2017 og þeirra sem voru orðnir 60 ára á þeim tíma, en réttindi þeirra verða ekki skert eða aukin þó svo til skerðingar eða réttindaaukningar komi hjá öðrum sjóðfélögum.

Í lok árs 2017 lá fyrir uppgjör á framlögum launagreiðenda vegna breytinganna á A deildinni en það var byggt á reikningsskilum fyrir tímabilið 1. janúar til 31. maí 2017 og tryggingafræðilegri athugun á stöðu sjóðsins 31. maí 2017. Framlög hvers launagreiðanda tóku mið af iðgjaldaskilum hans til sjóðsins annars vegar frá upphafi til 31. maí 2017 fyrir jafnvægisjóðinn en hins vegar iðgjaldaskil fyrir tímabilið 1. janúar 2017 til 31. maí 2017 fyrir lífeyrisauka- og varúðarsjóðinn. Framlögin námu samtals 40.203 milljónum króna sem skiptust þannig að jafnvægisjóður nam 9.956 milljónum króna, lífeyrisaukasjóður nam 27.232 milljónum króna og varúðarsjóður nam 3.015 milljónum króna. Eins og sjá má á ársreikningi sjóðsins hafa framlögin mikil áhrif á fjárhags- og tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Þrátt fyrir uppgjör launagreiðenda vegna breytinganna í A deild voru heildarskuldbindingar í árslok 2017 tæpum 3 milljörðum krónum hærrí en eignir sjóðsins eða neikvæðar um 1,1%.

Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar sameinaðist við B deildina og gekk sameiningin afar vel og ber að þakka starfsfólkinu okkar og fyrrverandi framkvæmdastjóra eftirlaunasjóðsins þann árangur. Þá hefur verið samþykkt að Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar sameinist B deild á árinu 2018. Gera má ráð fyrir að framan- greindar sameiningar skili umtalsverði hagræðingu til lengri tíma.

Ávarp stjórnarformanns

Stigið var lokaskref í skipulagsbreytingum á eignastýringarsviði sjóðsins. Sviðið hefur verið eflit með ráðningu fleiri starfsmanna og innleiðingu nýrra upplýsingakerfa. Markmið með breytingunum er að efla þekkingu innan sjóðsins, lækka kostnað við fjárfestingar og efla eftirlit. Í lok ársins var svo lánadeild sjóðsins færð undir eignastýringarsvið en umsvif deildarinnar hafa aukist stöðugt á undanförunum árum með aukinni eftirspurn eftir sjóðfélagalánum, en lánveitingar námu 4.236 milljónum króna á síðasta ári.

Brú lífeyrissjóður er meðal stofnaðila að IcelandSIF sem er sjálfstæður umræðuvettvangur um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Sjóðurinn fetar nú sín fyrstu spor við innleiðingu á eigendastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Við ákvörðun um fjárfestingakosti verður horft meðal annars til umhverfismála, samfélagsmála og góðra stjórnarháttanna í ríkari mæli en áður.

Á árinu fór stjórnin í gegnum sjálfsmat á sínum störfum en matið tók meðal annars á skipan stjórnar, skipulagi, eftirliti og upplýsingagjöf. Niðurstaða matsins mun nýtast til að þróa og móta starfshætti sjóðsins til hins betra.


Lífeyrissjóðir landsins hafa verið áberandi í þjóðmálaumræðunni og skipt sér í meira mæli af rausnarlegum starfskjörum og ofurlaunum æðstu stjórnenda skráðra fyrirtækja. Það er greinilegt að sjóðirnir og þar á meðal Brú verða að grípa til beittari aðferða til að hafa áhrif á starfskjarastefnu félaganna.

Nú eru breyttir tímar á fjármálamarkaði þar sem heimildir til að fjárfesta erlendis voru gerðar frjálstar á síðast liðnu ári. Brú lífeyrissjóður stefnir að því að auka erlendar fjárfestingar á komandi árum en í fjárfestingarstefnu fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir að um 18% eigna sjóðsins verði erlendar.

Hjá Brú lífeyrissjóði starfar öflugt starfsfólk með mikinn drifkraft og framsýni. Þetta eru mikil verðmæti sem verður að hlúa að þannig að sjóðurinn haldi áfram að þróast og standast vaxandi kröfur í síbreytilegum heimi. Ég vil þakka starfsfólki fyrir gott samstarf og vel unnin störf og stjórnarmönnum þakka ég samstarfið og sjóðfélögum fyrir samskiptin á starfsárinu.

Garðar Hilmarsson

Formaður stjórnar



Starfsemi Brúar lífeyrissjóðs

Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skylduþryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktum sem settar hafa verið um starfsemi sjóðsins og öðrum reglum sem um lífeyrissjóði gilda.

Sjóðfélagar

Aðild að lífeyrissjóðnum eiga þeir starfsmenn sveitarfélaga sem hafa kjarasamningsbundna aðild að BSRB, BHM og KÍ. Einungis starfsmenn sveitarfélaga geta verið sjóðfélagar í A deild en V deildin er öllum opin.

Með aðild að Brú lífeyrissjóði ávinna sjóðfélagar sér rétt til ævilangs lífeyris við starfslok. Auk þess njóta þeir réttar til örorkulífeyris, byggt á örorkumati. Þá á maki rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga og börn hans rétt á barnalífeyri við orkutap eða fráfall sjóðfélaga.

Þrjár samtryggingardeildir

Brú lífeyrissjóður starfrækir þrjár samtryggingardeildir, A deild, V deild og B deild. Að meðaltali greiddu 16.665 einstaklingar iðgjöld til sjóðsins á árinu 2017.

Rekstur annarra sjóða

Sjóðurinn annast jafnframt rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar.

Umfang

Starfsemi Brúar lífeyrissjóðs nær til alls 118.460 sjóðfélaga sem eiga réttindi í þeim tíu réttindasöfnum sem sjóðurinn rekur, það eru A deild, V deild, sex réttindasöfn í B deild, Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar. Heildareignir réttindasafnanna sem eru í stýringu hjá Brú lífeyrissjóði nema alls 271.773 milljörðum króna.

Hjá Brú lífeyrissjóði
eru rekin
10 réttindasöfn



Gætir réttinda
alls 118.460
sjóðfélaga



Stýrir 271.773
milljörðum króna



Starfsemi ársins

Breytingar á A og V deild

Breytingar á A deild á árinu

Með setningu laga nr. 127/2016 í árslok 2016 var lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt og hafði sú lagabreyting áhrif á A deild sjóðsins. Samkvæmt lögnum var tekið upp breytt réttindakerfi frá 1. júní 2017 þar sem sjóðfélagar ávinna sér réttindi í aldurstengdu réttindakerfi og lífeyristökualdur verður miðaður við 67 ára aldur. Núverandi sjóðfélögum er, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, áfram tryggð óbreytt jöfn réttindaávinnsla og óbreyttur 65 ára lífeyristökualdur.

Til að tryggja óbreytt réttindi og til að mæta halla á stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017 greiddu launagreiðendur framlög í jafnvæggissjóð sem er ætlað að koma áfallinni stöðu A deildar í jafnvægi, framlög í lífeyrisaukasjóð til að mæta breytingu á réttindaöflun sjóðfélaga og framlög í varúðarsjóð sem er ætlað til að styðja við lífeyrisaukasjóðinn.

Sjá nánari umfjöllun á bls. 13-15.

Breytingar á V deild á árinu

Réttindaávinnsla V deildar er og hefur verið aldurstengd og því hafði ofangreind lagabreyting aðeins þau áhrif að lífeyristökualdur hækkaði úr 65 árum í 67 ár, frá og með 1. júní 2017, og við það breyttust réttindatöflur deildarinnar frá sama tíma.

Sjá nánari umfjöllun á bls. 20.

Sameiningar í B deild

Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar var sameinaður B deild Brúar lífeyrissjóðs miðað við 1. janúar 2017 en frá 1. maí 2017 annaðist Brú lífeyrissjóður allan rekstur sjóðsins. Meginforsenda sameiningarinnar var að réttindi og réttindaávinnsla sjóðfélaga héldist óbreytt og skuldbindingar réttindasafnsins væri aðgreint frá öðrum réttindasöfnum.

Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar mun sameinast inn í B deild Brúar lífeyrissjóðs á árinu 2018 en Brú lífeyrissjóður hefur séð um rekstur sjóðsins allt frá árinu 2010.

Eignastýring og útvistun

Á síðustu árum hafa orðið miklar áherslubreytingar í eignastýringu sjóðsins. Lengi vel var stærstum hluta af innlendra eignastýringu útvistað og var sjóðurinn með samninga við innlenda eignastýringaraðila. Á árinu 2016 var tekin ákvörðun um að fækka stýringaaðilum og færa hluta af stýringunni inn til sjóðsins og var ráðinn

Starfsemi ársins

sjóðsstjóri til að sinna eignastýringu innlendra skuldabréfa. Á sama tíma var gerður ráðgjafasamningur við erlendan eignastýringaraðila um ráðgjöf vegna fjárfestinga í erlendum hlutabréfasjóðum, jafnframt var erlendum sjóðum fækkað í þeim tilgangi að gera stýringuna hagkvæmari. Í árslok 2016 var 40% af eignasafni A og V deilda útvistað en var 64% í árslok 2015. Í B deild voru eignir í útvistaðri stýringu 18% í árslok 2016 en voru 81% í árslok 2015.

Á árinu var stigið lokaskref í skipulagsbreytingum hjá eignastýringarsviði sjóðsins og öllum eignastýringasamningum sagt upp. Sviðið var eflt með því að ráða inn tvo nýja starfsmenn og nýr sviðstjóri, Svandís Rún Ríkarósdóttir, tók til starfa síðsumars. Markmiðið með þessum breytingum er að lækka kostnað við fjárfestingar og efla eftirlit.

Í lok ársins var lánadeild sjóðsins færð undir eignastýringarsvið, en hún var áður undir réttinda- og lögfræðisviði. Umsvif deildarinnar hafa aukist stöðugt á undanförunum árum með aukinni eftirspurn eftir sjóðfélagalánum, en lánveitingar námu alls 4.236 milljónum króna á síðasta ári.

Upptaka nýrra undirkerfa

Verðbréfakerfið Libra Securities

Á árinu 2016 hófst innleiðing á nýju verðbréfkerfi, Libra Securities. Kerfið samanstendur af nokkrum kerfiseiningum sem styðja við frágang viðskipta, greiðslur, eignaskipti, samskipti við fjárhagskerfi, eignaumsýslu, verðmat, fyrirtækjaaðgerðir, upplýsingagjöf og fjárfestingarákvarðanir. Helstu styrkleikar kerfisins eru innbyggðir ferlar sem notaðir hafa verið á Íslandi til fjölda ára en allar helstu fjármálastofnanir landsins nota Libra Securities. Innleiðingin á kerfinu hefur gengið vel en það var grunnforsenda þess að hægt væri að færa eignastýringuna frá útvistunaraðilum og inn til sjóðsins.

Lífeyriskerfið Krían

Á árinu 2017 var nauðsynlegt að innleiða nýtt iðgjalda- og réttindakerfi, Kríuna, vegna breytinga á A deild sjóðsins. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur notað Kríuna um árabíl og því þótti það skynsamlegt að sjóðurinn tæki kerfið upp og forrita breytinguna aðeins á einum stað. Krían hentar einnig vel fyrir B deildir sjóðsins, Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkur og Lífeyrissjóð starfsmanna Kópavogs. Með nýja kerfinu hafa bæði útlit launaseðla og iðgjaldafirlita breyst og opnaður var nýr sjóðfélagavefur á heimasíðu sjóðsins. Sjóðfélagavefurinn bætir enn frekar upplýsingagjöf til sjóðfélaga. Innleiðingin á kerfinu reyndi mikið á starfsmenn en yfirfæra þurfi öll gögn úr eldri kerfum, stemma þau af, kanna virknina og innleiða nýtt réttindakerfi.

Vöxtur í sjóðfélagalánum

Sjóðurinn veitir lán til sjóðfélaga Brúar lífeyrissjóðs, Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar. Lánin eru annars vegar verðtryggð með föstum vöxtum sem nú eru 3,6% og hins vegar óverðtryggð með 5,53% breytilegum vöxtum. Lánstími lánanna getur verið frá 5 árum til 40 ára. Aðeins er lánað gegn veði í íbúðarhúsnæði og getur veðhlutfall verið allt að 75% af fasteignamati eignar, en sjóðurinn gerir þó skilyrði um 1. veðrétt fari veðhlutfall yfir 65% og/eða ef veðhlutfall fer umfram 75% af fasteignamati eignar og er hámarkslánstími slíkra lána 35 ár. Lántakendum er heimilt að greiða upp lán að hluta eða öllu leyti án sérstaks uppgreiðslugjalds.

Starfsemi ársins

Þann 1. apríl 2017 tóku ný lög um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016 gildi, en markmið laganna er að stuðla að ábyrgum lánveitingum, sporna við óhóflegri skuldsetningu neytenda og tryggja neytendavernd, en með lögunum var gerð krafa um meiri upplýsingagjöf til lántakenda sem og auknar kröfur um mat á greiðslugetu og láns hæfi þeirra.

Töluverð aukning var í lánum til sjóðfélaga bæði hvað varðar fjárhæðir og fjölda. Sjá nánari umfjöllun á bls. 23.

Annað

Starfslokanámskeið

Á árinu 2017 var sjóðurinn með reglulegt námskeiðshald um starfslok fyrir sjóðfélaga sína. Á námskeiðunum er farið yfir hvar upplýsingar um réttindi sjóðfélaga er að finna, ásamt því að svara spurningum um lífeyrismál. Námskeiðin eru kynnt á heimasíðu sjóðsins og hafa verið haldin reglulega yfir vetrartímann. Þá hafa stéttarfélag og sveitarfélag fengið fulltrúa sjóðsins til að halda fræðsluerindi um lífeyrisréttindi fyrir félagsmenn sína og starfsmenn.

Samstarf við VIRK endurhæfingarsjóð

Örorkubyrði sjóðsins hefur aukist á undanförunum árum og því skiptir máli að draga úr líkum að sjóðfélagar verði óvinnufærir til lengri tíma og aðstoða þá við að komast sem fyrst aftur út á vinnumarkaðinn. VIRK starfsendurhæfingarsjóður var stofnaður af aðilum vinnumarkaðarins á árinu 2009 en hlutverk hans er að draga úr líkum á að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni og eflingu endurhæfingar.

Allar umsóknir um örorkulífeyrir eru yfirfarnar af sérfræðingateymi hjá VIRK, sem metur raunhæfi á stafsendurhæfingu fyrir viðkomandi. „Atvinnutenging endurkoma til vinnu“ er þróunarverkefni hjá VIRK sem gengur út á að aðstoða einstaklinga með skerta starfsgetu með það markmið að koma þeim aftur inn á vinnumarkaðinn.



Þróun á mörkuðum

Innlend skuldabréf

Verðbólga ársins var 1.9% og var því undir 2,5% markmiði Seðlabanka Íslands og er þetta fjórða árið í röð sem verðbólga hefur mælst undir verðbólgu markmiðinu. Styrking á íslensku krónunni hélt verðhækkunum niðri sem og aukin samkeppni á smásölumarkaði. Stærsti þátturinn til hækkunar á verðbólgu ársins er hækkun húsnæðisverðs.

Útgáfa verðtryggðra skuldabréfa jókst nokkuð á síðasta ári og var mun meiri en útgáfa óverðtryggðra bréfa. Verðtryggðu ríkisbréfin héldu áfram að hækka í verði með lækkandi kröfu út árið en meiri sveiflur einkenndu óverðtryggðu bréfin. Verðbólguálagið hækkaði og var 3% í lok árs sem er nokkuð fyrir ofan 12 mánaða verðbólgu sem og verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands.

Innlend hlutbréf

Íslenskur hlutabréfamarkaður var nokkuð mismunandi á árinu eftir því hvaða vísitala er skoðuð. Heildarvísitala hlutabréfa á markaði (OMXIGI) sem inniheldur öll félög á markaðnum hækkaði um 4,9% á árinu 2017 en úrvalsvísitala Nasdaq (OMX18) sem inniheldur átta félög á markaðnum lækkaði um 3,4%, en báðar þessar vísitölur eru leiðréttar fyrir arðgreiðslum. Gengi skráðra félaga var því nokkuð misjafnt á árinu allt frá því að sýna yfir 30% ávöxtun eins HB Grandi, Síminn, Marel og VÍS og til þess að lækka um meira en 30% eins og Icelandair og Hagar. Leiðrétt fyrir arði gáfu hlutabréf í HB Granda hæstu ávöxtun á árinu, eða rúm 38%. Af þeim sautján félögum sem voru á íslenska markaðnum í upphafi árs hækkaði virði níu félaga. Icelandair hélt aftur á móti áfram að lækka í verði eins og árið 2016 en er þrátt fyrir það annað stærsta félagið að markaðsvirði á eftir Marel.

Skráð félög í árslok 2017 voru sextán talsins og fækkaði þeim um tvö á árinu. Bréf Össurar voru tekin úr viðskiptum í Kauphöll Íslands og fóru síðustu viðskipti með bréf félagsins fram 30. nóvember 2017 og voru bréfin skráð á markað í Danmörku. Auk Össurar afskráði færeyski bankinn BankNordik sig úr Kauphöllinni.

Erlend verðbréf og gengi gjaldmiðla

Ávöxtun erlendra hlutabréfa á helstu verðbréfamörkuðum var góð á árinu 2017. Heimsvísitala Morgan Stanley (MSCI World Index með arðgreiðslum) hækkaði um 22,4% mæld í Bandaríkjadölum á árinu 2017, eftir nokkuð stöðuga hækkun allt árið 2017.

Hlutabréf nýmarkaðsríkja skiluðu hæstri ávöxtun á árinu og hækkaði vísitalan MSCI Emerging Market um 37,3% í Bandaríkjadölum. Hlutabréf í Evrópu sem MSCI vísitalan mælir hækkaði um 7,3% mælt í evrum og hin bandaríska S&P 500 vísitala hækkaði um 19,4% mælt í Bandaríkjadölum.

Á árinu 2017 var þróun krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum nokkuð ólík eftir myntum og sveiflukenndari en undanfarin ár. Krónan styrktist um 8,0% á móti Bandaríkjadal en veiktist um 4,7% gagnvart evru.

Stjórn og framkvæmdastjóri

Stjórn Brúar lífeyrissjóðs er skipuð sex stjórnarmönnum og jafnmörgum vara-
mönnum. Samband íslenskra sveitarfélaga skipar þrjá stjórnarmenn, BSRB skipar
tvo og Bandalag háskólamanna skipar einn. Skipunartími stjórnarmanna er fjögur
ár og kýs stjórnin formann úr sínum hópi til tveggja ára í senn.



Stjórn Brúar lífeyrissjóðs tímabilið 2014-2018 ásamt framkvæmdastjóra og ritara.

Frá vinstri:

Kristbjörg Stephensen, varaformaður stjórnar

Salóme Anna Þórisdóttir, stjórnarmaður

Sigurbergur Ármannsson, stjórnarmaður

Elin Björg Jónsdóttir, stjórnarmaður

Garðar Hilmarsson, formaður stjórnar

Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri

Þórdís Hadda Yngvadóttir, ritari stjórnar

Benedikt Þór Valsson, stjórnarmaður

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar og er skipuð þremur nefndarmönnum. Hlutverk hennar er að hafa eftirlit með virkni innra eftirlits og áhættustýringu, eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og við endurskoðun ársreiknings, meta óhæði endurskoðenda og störf þeirra og leggja fram tillögur til stjórnar um val á endurskoðendum.

Karl Björnsson, formaður

Elin Björg Jónsdóttir

Stefán Aðalsteinsson

Starfsmenn sjóðsins

Hjá Brú lífeyrissjóði starfa 25 starfsmenn. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu 2017 voru 19,9 en 16 á árinu 2016. Á árinu 2017 voru ráðnir sjö nýir starfsmenn, en þeir eru Baldvin Ingi Sigurðsson, sérfræðingur á eignastýringarsviði, Birna Bjarnþórsdóttir sérfræðingur á fjármálasviði, Bryndís Reynisdóttir, lífeyrisfulltrúi, Elín Huld Árnadóttir, deildarstjóri iðgjaldadeildar, Helga Björg Gísladóttir lífeyrisfulltrúi, Svandís Rún Ríkarðsdóttir, sviðstjóri eignastýringarsviðs, og Þórir Guðjónsson, lánafulltrúi. Tveir starfsmenn hættu störfum á árinu en það voru Guðmundur Friðjónsson, sviðstjóri eignastýringarsviðs, og Sigurveig Hjaltsted, lífeyrisfulltrúi og er þeim þökkúð vel unnin störf í þágu sjóðsins.



Starfsfólk Brúar lífeyrissjóðs.
Á myndina vantar Auði Guðmundsdóttur,
Birnu Bjarnþórsdóttur og Helgu Björg Gísladóttur.

Starfsfólk

Gerður Guðjónsdóttir, *framkvæmdastjóri*
Ásta Kristjánsdóttir, *móttaka*
Þórdís Yngvadóttir, *verkefnastjóri*

Réttinda- og lögfræðisvið

Póra Jónsdóttir, *sviðstjóri*
Angélien Schalk, *lífeyrisfulltrúi*
Bryndís Reynisdóttir, *lífeyrisfulltrúi*
Elín Huld Árnadóttir, *deildarstjóri iðgjaldadeildar*
Guðbjörg Rúnarsdóttir, *sérfræðingur*
Helga Björg Gísladóttir, *lífeyrisfulltrúi*
María Garðarsdóttir, *lífeyrisfulltrúi*
Sigrún Sigurðardóttir, *iðgjaldafulltrúi*
Þórunn Alfreðsdóttir, *iðgjaldafulltrúi*

Fjármálasvið

Pálína Margrét Hafsteinsdóttir, *sviðstjóri*
Birna Bjarnþórsdóttir, *sérfræðingur*
Erna Björk Jónsdóttir, *bókari*
Róbert Styrmir Helgason, *sérfræðingur*

Eignastýringarsvið

Svandís Rún Ríkarðsdóttir, *sviðstjóri*
Auður Guðmundsdóttir, *deildarstjóri lánadeildar*
Baldvin Ingi Sigurðsson, *sjóðstjóri*
Bárður Þór Sveinsson, *sjóðstjóri*
Eymundur Freyr Þórarinsson, *sjóðstjóri*
Fanny Ósk Mellbin, *sérfræðingur lánamál*
Margrét Jónsdóttir, *lánafulltrúi*
Þórir Guðjónsson, *lánafulltrúi*

Áhættustýringarsvið

Ingi Kristinn Pálsson, *sviðstjóri*



A deild - lykiltölur



Löggjöld sjóðfélaga	8.808 m.kr.
Sérstök aukaframlög launagreiðenda	36.236 m.kr.
Lífeyrir	2.478 m.kr.



Hreinar fjárfestingatekjur	10.098 m.kr.
Rekstrarkostnaður	268 m.kr.
Hrein eign til greiðslu lífeyris	154.462 m.kr.
Skuldbindingar umfram eignir	2.955 m.kr.
Raunávöxtun ársins	6,1 %



Fjöldi virkra sjóðfélaga að meðaltali	12.062
Fjöldi lífeyrisþega að meðaltali	4.087





Um deildina

Starfsmenn sem eru félagsmenn í BSRB, Bandalagi háskólamanna (BHM) og Kennarasambandi Íslands og byrjuðu að vinna hjá sveitarfélagi eftir 1. júlí 1998 eiga kjarasamningsbundna aðild að A deild. Einnig eiga þeir starfsmenn aðild, sem áttu réttindi í eldri sveitarfélagssjóðum en völdu á sínum tíma að skipta yfir í A deild þegar sjóðurinn var stofnaður.

Helstu breytingar á árinu

Allt fram til 1. júní 2017 hefur réttindaöflun í A deildinni verið jöfn, þ.e. sjóðfélagar hafa áunnið sér föst réttindi sem voru fyrir fram ákveðin og nam árleg réttindaávinnsla 1,9% af árslaunum. Réttindi eru verðtryggð samkvæmt vísitölu neysliverðs. Í jöfnu réttindaávinnslukerfi gefur hver króna sem greidd er í sjóðinn nákvæmlega sömu réttindi til lífeyris, óháð því hvenær hún er greidd. Þannig veitir iðgjald 25 ára starfsmanns sömu réttindi og iðgjald 65 ára starfsmanns, jafnvel þó iðgjald þess unga muni ávaxtast 40 árum lengur en iðgjald eldri starfsmannsins.

Aðdragandi breytinga á A deild

Á undanförunum árum hafa aðilar vinnumarkaðarins unnið að bættum vinnubrögðum við gerð kjarasamninga og reynt að stuðla að samræmingu réttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði. Lífeyrisréttindi eru einn mikilvægasti þátturinn í slíkri samræmingu og í stöðugleikasáttmálanum sem var undirritaður af ríki, sveitarfélögum og aðilum vinnumarkaðarins þann 25. júní 2009 er kveðið á um að lífeyrismál skyldi vera samræmd. Í framhaldi af undirrituninni var skipaður vinnuhópur með fulltrúum framangreindra aðila og var meginmarkmið hópsins að komast að niðurstöðu um framtíðarskipan lífeyrismála. Leiðarstef vinnuhópsins var annars vegar samræming og jöfnun réttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði og hins vegar að lífeyriskerfi landsins yrði sjálfbært þannig að hver kynslóð stæði undir eigin lífeyrisréttindum. Slíkt fyrirkomulag kallar á aldurstengda réttindaávinnslu. Aldurstengd réttindaávinnsla er kerfi sem gerir ráð fyrir því að iðgjöld skapi réttindi í samræmi við þann tíma sem þau ávaxtast í sjóðnum. Iðgjald sem greitt er snemma á starfsævinni veitir því meiri rétt en iðgjald sem greitt er seinna.

Með setningu laga nr. 127/2016 var lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt og hafði sú lagabreyting áhrif á A deild Brúar lífeyrissjóðs. Samkvæmt lögum var frá 1. júní 2017 tekið upp breytt réttindakerfi þar sem sjóðfélagar ávinna sér réttindi í aldurstengdu réttindakerfi og lífeyristökualdur er 67 ár. Sjóðfélögum er þó, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, tryggð áfram jöfn réttindaávinnsla og óbreyttur lífeyristökualdur eða 65 ár. Til að tryggja óbreyttu réttindin og að mæta halla sjóðsins eins og hann var þann 31. maí 2017 greiddu launagreiðendur framlög í jafnvæggissjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð. Framlag í jafnvæggissjóð var til að koma áfallinni stöðu A deildar í jafnvægi, framlag í lífeyrisaukasjóð er til að mæta breytingu á réttindaöflun sjóðsfélaga þ.e. mismuninn á jafnri réttindaávinnslu og aldurstengdri og breyttum lífeyristökualdri. Framlag í varúðarsjóð er ætlað að styðja við lífeyrisaukasjóðinn og úthlutun úr honum er háð ákveðnum skilyrðum.



Breytingar á A deild á árinu

Eftirfarandi breytingar komu til framkvæmda þann 1. júní 2017:

- Réttindaávinnsla A deildar var breytt úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda réttindaávinnslu.
- Lífeyrisaldur var samræmdur við almennan vinnumarkað og er 67 ár.
- A deild er viðhaldið, þeir sem greiða áfram iðgjald til sjóðsins fá aldurstengda réttindaávinnslu en mismun á réttindum í jafnri og aldurstengdri ávinnslu er mætt með sérstöku framlagi launagreiðenda í lífeyrisaukasjóð.
- Auk framlags í lífeyrisaukasjóð greiddu launagreiðendur framlag í jafnvægisjóð til að koma áfallinni stöðu A deildar í jafnvægi þann 31.mái 2017.
- Launagreiðendur greiða einnig til sjóðsins framlag í varúðarsjóð.
- Mótframlag launagreiðanda lækkaði úr 12% í 11,5%
- Réttindi þeirra sem byrjaðir voru á lífeyri þann 31. maí 2017 og þeirra sem voru 60 ára á sama tíma verða ekki skert eða aukin þó svo til skerðingar eða réttindaaukningar komi hjá öðrum sjóðfélögum. Launagreiðendur þurfa mögulega gera sérstaklega upp fjárhagsleg áhrif vegna þessara sjóðfélaga við sjóðinn.

Réttindi þeirra sjóðfélaga sem áttu aðild að A deild fyrir breytingarnar voru ekki skert við gildistölu laganna, vegna framlags launagreiðenda til sjóðsins.

Réttindi sjóðfélaga verða aftur á móti framvegis bundin tryggingafræðilegri stöðu og geta lækkað eða hækkað eftir afkomu sjóðsins. Þetta á bæði við um áunnin réttindi fyrir 1. júní 2017 og framtíðarréttindi sjóðfélaga.

Nýir sjóðfélagar eftir 1. júní 2017

Sjóðfélagar sem byrjuðu að greiða til sjóðsins eftir 1. júní 2017 ávinna sér réttindi sem eru aldurstengd. Því yngri sem sjóðfélagi byrjar að greiða til sjóðsins því verðmætari verða réttindi hans vegna lengri ávöxtunartíma.

Réttindin verða bundin tryggingafræðilegri afkomu sjóðsins og geta hækkað eða lækkað eftir afkomu hans.

Viðmiðunaraldur lífeyristöku er 67 ár en lífeyristaka getur hafist milli 60-70 ára.





●
**Launagreiðendur
 greiddu alls 40 milljarða
 króna í aukaframlög
 í A deild á árinu.**

Réttindaávinnsla

Breytingarnar á réttindaöflun A deildar úr jafnri ávinnslu, yfir í aldurstengda ávinnslu réttinda hafa mismunandi áhrif á sjóðfélaga, eftir því hvort þeir voru í sjóðnum fyrir breytingarnar, byrjuðu í sjóðnum eftir breytingar eða voru orðnir sextíu ára fyrir breytingarnar. Réttindi A deildar Brúar lífeyrissjóðs eru því mismunandi eftir því hvenær sjóðfélagi byrjaði í deildinni.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um réttindi sjóðfélaga á heimasíðu sjóðsins lífbru.is

Uppgjör á framlögum launagreiðenda

Í lok ársins 2017 lá fyrir uppgjör á framlögum launagreiðenda. Útreikningur tryggingastærðfræðings á stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017 var lagður til grundvallar framlaga launagreiðenda til sjóðsins en þau námu 40 milljörðum króna sem skiptust þannig að jafnvægisjóður var um 9,6 milljarðar króna, lífeyrisaukasjóður um 27 milljarðar króna og varasjóður um 2,9 milljarðar króna. Í samþykktum sjóðsins er gerð frekari grein fyrir ofangreindum sjóðum.





Tryggingafræðileg
staða gjörbreyttist á árinu
úr -13,3% í -1,1%

Tryggingafræðileg staða

Athugun á tryggingafræðilegri stöðu hefur þann tilgang að meta eignir sjóðsins á móti þeim skuldbindingum sem felast í áunnum og framtíðarréttindum sjóðfélaga til lífeyris.

Tryggingafræðileg athugun á stöðu sjóðsins í árslok 2017 var unnin af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi. Útreikningurinn er í samræmi við reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Forsendur útreikningsins eru óbreyttar frá fyrra ári, en árið 2016 var fyrsta árið sem miðað var við lífslíkur sem byggðust á innlendri reynslu árána 2010-2014.

Í 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða segir að hrein eign til greiðslu lífeyris skuli vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós meira en 10% mun er hlutaðeigandi sjóði skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur hefur haldist meira en 5% samfellt í fimm ár.


Í árslok 2017 var staða A deildar innan þeirra marka sem áskilin eru í lögum nr. 129/1997 um stöðu lífeyrissjóð vegna framlaga launagreiðenda í jafnvægisjóð en sá sjóður var nýttur til að koma áfallinni tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í jafnvægi miðað við 31. maí 2017 og framlaga í lífeyrisaukasjóð vegna framtíðarréttinda.

Áfallin skuldbinding A deildar í árslok 2017 var 121,6 milljarðar króna og hækkaði um 12,9% á milli ára. Tryggingafræðileg eign A deildar í árslok 2017 nam 147,8 milljörðum króna og hækkaði um 15,1% á milli ára. Voru eignir í árslok 26,8 milljarðar króna hærri en áfallin skuldbinding. Þegar reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það, verður heildarskuldbinding neikvæð um 3,0 milljarða króna eða um 1,1% af heildarskuldbindingunni.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins í árslok 2017 er því gerbreytt frá fyrra ári. Í lok árs 2016 var heildarstaða sjóðsins neikvæð um 13,3% og áfallin staða neikvæð um 8,9%.

A deild

Eignir (skuldir) umfram heildarskuldbindingar







12.062 virkir
sjóðfélagar
í A deild

Iðgjöld

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga, sem er sá fjöldi sem greiðir iðgjöld að meðaltali í hverjum mánuði, var 12.062 á árinu 2017 samanborið við 11.491 á árinu 2016.

Á árinu 2017 námu iðgjaldagreiðslur til A deildar samtals 45.045 milljónum króna samanborið við 8.154 milljónum króna á árinu 2016. Skýringin á þessum mikla mun milli ára liggur í uppgjöri á sérstökum aukaframlögum launagreiðenda vegna breytinga á A deild á árinu 2017. Nánari umfjöllun á bls. 15.





4.087
lífeyrisþegar
í A deild

Lífeyrir

Sjóðfélögum í A deild er heimilt að hefja lífeyristöku 60 ára en frá og með 1. júní 2017 er almennt miðað við að lífeyristaka hefjist við 67 ára aldursmörkin. Mánaðarleg upphæð lækkar ef lífeyristaka hefst fyrir 67 ára aldur og hækkar ef lífeyristaka hefst síðar. Þær prósentur sem lækkun og hækkun miðast við tóku breytingum 1. júní 2017 þannig að viðmiðunarupphæð lífeyris lækkar um -0,35 til -0,60% fyrir hvern mánuð sem sjóðfélagi flýtir lífeyristöku, en hækkar um 0,60% til 0,73% á mánuði ef hann frestar lífeyristöku.


Örorkulífeyrir miðast við 40% örorkumat og raunverulega tekjuskerðingu. Lífeyrir er áfram framreiknaður til 65 ára aldurs, þrátt fyrir hækkun viðmiðunaraldurs lífeyristöku í 67 ár.

Makalífeyrir er 50% af lífeyrisréttindum látins sjóðfélaga og er greiddur til þriggja ára en þá lækkar hann um helming og er greiddur þannig í tvö ár. Makalífeyrir helst þó óskertur (50% af lífeyrisréttindum sjóðfélaga) þar til yngsta barn nær 22 ára aldri eða ef maki er meira en 50% öryrki og yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélaga.

Barnalífeyrir er greiddur þar til barn verður 22 ára.

Heildarfjárhæð lífeyrisgreiðslna A deildarinnar á árinu 2017 nam 2.400 milljónum króna og skiptist heildarfjárhæðin þannig að 64,6% var ellilífeyrir eða samtals 1.550 milljónir króna, 30,8% örorkulífeyrir eða samtals 738 milljónir króna, 2,3% makalífeyrir eða samtals 55 milljónir króna og 2,4% barnalífeyrir eða samtals 57 milljónir króna.

Meðalfjöldi lífeyrisþega A deildarinnar á árinu 2017 var 4.087 samanborið við 3.531 á árinu 2016 sem er aukning um 15,8%.





V deild - lykiltölur



Iðgjöld sjóðfélaga

2.626 m.kr.

Lífeyrir

202 m.kr.



Hreinar fjárfestingatekjur

1.883 m.kr.

Rekstrarkostnaður

46 m.kr.

Hrein eign til greiðslu lífeyris

26.090 m.kr.

Heildareignir umfram skuldbindingar

1.713 m.kr.

Raunávöxtun ársins

6,1 %



Fjöldi virkra sjóðfélaga að meðaltali

4.439


Fjöldi lífeyrisþega að meðaltali

1.125





V deild Eignir umfram heildarskuldbindingar



4.439 virkir
sjóðfélagar
í V deild

Um deildina

V deild er öllum opin og veitir sambærileg réttindi og lífeyrissjóðir í almenna lífeyrissjóðskerfinu. Þeir sem eru í A deild geta valið að fara í V deildina, en ekki er hægt að fara úr V deild í A deild.

Helstu breytingar á árinu

Með setningu laga nr. 127/2016 í árslok 2016 var lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt og hafði sú lagabreyting einnig áhrif á V deildina hvað varðar viðmiðunaraldur lífeyristöku en hann hækkaði úr 65 árum í 67 ár frá og með 1. júní 2017. Réttindatöflur deildarinnar hækkuðu frá sama tíma.

Réttindaávinnsla

Réttindaávinnsla V deildar er og hefur verið aldurstengd og eru réttindi því háð aldri, iðgjaldi og ávöxtun. Góð ávöxtun eigna skilar sér í auknum réttindum. Meginreglan er að iðgjald nemi 12% af greiddum launum sem tryggir grunnréttindi en iðgjald umfram það telst viðbótariðgjald sem sjóðfélagi getur ráðstafað í séreignarsparnað.


Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg athugun á V deild var jákvæð um 2,7 % í árslok 2017. Heildar eignir voru 66,1 milljarðar króna og heildarskuldbindingar 64,4 milljarðar króna þannig að eignir umfram skuldbindingar námu um 1,7 milljörðum króna. Framlag launagreiðenda er að lágmarki 8,0% í V deild en sveitarfélög greiða 11,5% og launþegar 4,0%. Réttindi sjóðfélaga í V deild eru ekki tryggð og geta sjóðfélagar þurft að sæta skerðingu réttinda ef eignir eru ekki nægar á móti skuldbindingum deildarinnar.

Iðgjöld

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga í V deild, sem er sá fjöldi sem greiðir iðgjöld í hverjum mánuði, var 4.439.

Á árinu 2017 námu iðgjaldagreiðslur til V deildar samtals 2.626 milljónum króna og jukust um rúm 5,6% á milli ára.





Lífeyrir

Sjóðfélögum í V deild er heimilt að hefja lífeyristöku 60 ára, en frá og með 1. júní 2017 er almennt miðað við að lífeyristaka hefjist við 67 ára aldursmörkin. Mánaðarleg upphæð lækkar ef lífeyristaka hefst fyrr og hækkar ef lífeyristaka hefst síðar. Þær prósentur sem lækkun og hækkun miðast við tóku breytingum 1. júní 2017 þannig að viðmiðunarupphæð lífeyris lækkar um -0,35 til -0,60% fyrir hvern mánuð sem sjóðfélagi flýtir lífeyristöku, en hækkar um 0,60% til 0,73% á mánuði ef hann frestar lífeyristöku.

Örorkulífeyrir miðast við 50% örorkumat og raunverulega tekjuskerðingu en lífeyrir er áfram framreiknaður til 65 ára aldurs, þrátt fyrir hækkun viðmiðunaraldurs lífeyristöku í 67 ár.


Makalífeyrir í V deild nemur 50% af lífeyrisréttindum látins sjóðfélaga og greiðist í tvö ár eða þangað til yngsta barn nær 18 ára aldri. Þessi réttindi haldast ef maki er meira en 50% öryrki og yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélaga.

Barnalífeyrir er greiddur þar til barn verður 18 ára.

Heildarfrjárhæð lífeyrisgreiðslna V deildarinnar á árinu 2017 nam 187 milljónum króna og skiptist þannig að 34,8% var ellilífeyrir eða samtals 65 milljónir króna, 55,9% örorkulífeyrir eða samtals 105 milljónir króna, 0,9% makalífeyrir eða samtals 1,7 milljónir króna og 8,5% barnalífeyrir eða samtals 16 milljónir króna.

Meðalfjöldi lífeyrisþega V deildarinnar á árinu 2017 var 1.125.


 1.125
 lífeyrisþegar
 eru í V deild



Eignir A og V deilda

Ávöxtun ársins




Nafnávöxtun A og V deilda sjóðsins var 8% á árinu og hrein raunávöxtun um 6,1% sem er umtalsvert hærra en þau 3,9 % sem fjárfestingarstefna deildanna gerði ráð fyrir. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar var 4,6% í árslok og tíu ára meðaltal hreinnar ávöxtunar var 2,2%. Framlag ávöxtunar má að stórum hluta rekja til verðtryggðra ríkisskuldabréfa og erlendra hlutabréfa sem hækkuðu mikið á árinu. Nánari umfjöllun um þróun á mörkuðum á árinu má finna á bls 9.

Kaup og sala ársins

Viðskipti ársins í A og V deild námu 29,8 milljörðum króna á árinu 2017 samanborið við 19,3 milljarða króna árið 2016. Sjóðurinn bætti mest við eignasafn sitt í skuldabréfum sveitarfélaga, fasteignaveðtryggðum skuldabréfum og sértryggðum skuldabréfum. Af fjárfestingu í skuldabréfum og víxlum lánastofnana voru um 65% víxlar með gjalddaga á árinu. Aukning í kaupum á peningamarkaðssjóðum skýrist að stórum hluta af hárrí innleiðslu tengdri sérstöku aukaframlögum sem sjóðurinn byrjaði að taka á móti í árslok 2017, sjá nánar í skýringum 23 og 24 í ársreikningi. Sjóðurinn dró á árinu úr eign sinni í innlendum hlutabréfum en bætti við fjárfestingum í erlendum hlutabréfum og fagfjárfestasjóðum.

Sjá má hér samandregin verðbrefaviðskipti ársins fyrir A og V deildir (í milljónum króna):

Skuldabréf og peningamarkaðsinnlán	A og V deildir
Ríkisskuldabréf	-230
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	6.393
Skuldabréf sveitarfélaga	6.621
Sértryggð skuldabréf	4.899
Skuldabréf og víxlar lánastofnana	4.310
Skuldabréf fyrirtækja	2.783
Peningamarkaðssjóðir	5.077
Hlutabréf og fagfjárfestasjóðir	
Innlend hlutabréf	-1.707
Innlendir fagfjárfestasjóðir	-237
Erlend hlutabréf	724
Erlendir fagfjárfestasjóðir	1.163
Kaup og sala verðbrefa nettó	29.796




Eignir A og V deilda



Fjöldi nýrra lána
tvöfaldaðist á árinu



Heildarfjárhæð
útlána fjórfaldaðist




85,3%
Óverðtryggð lán
Verðtryggð lán

Sjóðfélagalán


Gríðarleg aukning varð í útgáfu fasteignaveðtryggðra lána til sjóðfélaga á árinu 2017. Á árinu voru veitt 243 ný lán til sjóðfélaga, samtals að fjárhæð 4,2 milljarðar króna samanborið við 117 ný lán á árinu 2016 að heildarfjárhæð 991 milljónum króna. Meðalfjárhæð lána á árinu 2017 nam 18,3 milljónum króna samanborið við 8,5 milljónum króna á árinu 2016. Brú býður sjóðfélögum hagstæð lán með föstum verðtryggðum vöxtum eða breytilegum óverðtryggðum vöxtum. Eftirspurnin er mikil og vægi þessa eignaflokks stækkar hratt. Lánin eru örugg fjárfesting fyrir sjóðinn sem fær stöðuga ávöxtun með góðum tryggingum í formi fasteignaveðs.

Í árslok 2017 námu útstandandi sjóðfélagalán 9,5 milljörðum króna. Þar af voru 85,3% verðtryggð og 14,7% óverðtryggð.


Fjöldi nýrra sjóðfélagalána



Lán til sjóðfélaga í milljónum króna



Meðalfjárhæð nýrra sjóðfélagalána í milljónum króna



Eignir A og V deilda

Verðbréfaeign í árslok

Fjárfestingaeignir og bankainnstæður A og V deilda námu samtals 161 milljörðum króna í árslok 2017 sem er aukning um rúma 37 milljarða króna frá árinu áður eða um 30%. Þar af nam hluti A deildar 137,7 milljörðum króna og hluti V deildar 23,3 milljörðum króna. Aukning eigna sjóðsins á milli ára skýrist að hluta af sérstökum aukaframlögum sem byrjað var að greiða til sjóðsins í árslok 2017, sjá nánar í skýringum 23 og 24 í ársreikningi.

Stærsti hluti eignasafns sjóðsins er fjárfestur í innlendum skuldabréfum og innlánnum og var 76% um áramót, þar af voru ríkistryggð skuldabréf 25,4%. Innlend hlutabréf og fagfjárfestasjóðir voru í árslok 10,4% og erlend hlutabréf og fagfjárfestasjóðir 13,6%.

Nánari skiptingu á eignasafni A og V deilda má sjá sundurliðaða eftir eignaflokkum í töflu hér fyrir neðan sem sýnir eignastöðu í árslok 2017 og fjárfestingarstefnu fyrir árið 2018.

	Eignaflokkar	Staða 31.12.2017	Stefna 2018	Vikmörk
A.a	Ríkisvixlar og skuldabréf	25,4%	25%	20-40%
A.b	Fasteignaveðtryggð skuldabréf	8,5%	10%	6-15%
B.a	Skuldabréf sveitarfélaga	9,6%	9%	5-15%
B.b	Innlán	7,9%	1%	0-30%
B.c	Sértryggð skuldabréf	10%	11%	5-15%
C.a	Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga, að undanskildum vikjandi skuldabréfum	1,1%	1%	0-3%
C.b.a	Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS - skuldabréf	0,0%	0%	0-5%
C.b.b	Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS - hlutabréf	10,5%	14%	0-20%
D.a	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga og vikjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	6,6%	8%	0-10%
D.b	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	2,3%	3%	0-5%
E.a	Hlutabréf félaga	5,7%	7%	0-15%
E.b.a	Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu - fagfjárfestasjóðir	7,8%	10%	0-13%
E.b.b	Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu - fjárfestingasjóðir	4,6%	1%	0-10%
E.c	Fasteignir	0,0%	0%	0%
F.a	Afleiður	0,0%	0%	0%
F.b	Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0,0%	0%	0%
	Samtals:	100%	100%	

Eignir A og V deilda

Fjárfestingarstefna A og V deilda 2018


Fjárfestingarstefna fyrir árið 2018 er eins fyrir A og V deild þar sem eignasafn deildanna er sameiginlegt. Við ákvörðun um samsetningu eigna í fjárfestingarstefnu sjóðsins er litið til núverandi ávöxtunar og stefnu eignaflokka, væntanlegrar útgáfu og skráningar sem og annarra þátta sem talið er að kunnir að hafa áhrif á fjárfestingarumhverfi og möguleika sjóðsins til ávöxtunar á komandi ári. Vikmörkunum er ætlað að þjóna þeim tilgangi að hægt sé að grípa tækifæri sem kunna að koma upp en jafnframt að draga úr áhættu þegar aðstæður gefa til kynna að það sé skynsamlegt.

Samandregna eignastöðu A og V deilda í árslok 2017 ásamt fjárfestingarstefnu 2018 má sjá í töflu hér fyrir neðan. Fjárfestingarstefnan er jafnframt sýnd á skifuriti.

Samandregnir eignaflokkar	Staða 31.12.2017	Stefna 2018
Skuldabréf og innlán	76,0%	69%
Innlend skuldabréf og innlán (Aa, Ba, Bb, Bc, Ca, Cba, Da, Db, Ebb)	65,5%	59%
Erlend skuldabréf og innlán (Aa, Bb, Cba, Da)	2,0%	0%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf (Ab)	8,5%	10%
Hlutabréf og fagfjárfestasjóðir	24,0%	31%
Innlend hlutabréf (Cbb, Ea)	7,1%	9%
Innlendir fagfjárfestasjóðir (Eba)	3,3%	4%
Erlend hlutabréf (Cbb, Ea)	9,1%	12%
Erlendir fagfjárfestasjóðir (Eba)	4,5%	6%
Samtals:	100,0%	100%

* Í svigum eru tilteknir þeir eignaflokkar sem samandregnir eru í viðkomandi tölu

** Eignaflokkar Aa, Bb, Cba, Cbb, Da, Ea og Eba innihalda bæði innlendar og erlendar eignir og skiptast því á milli innlendra og erlendra flokka í töflunni



Eignir A og V deilda

Ein helsta breytingin frá stefnu fyrra árs varðar þá aukningu sem verið hefur í útgefnum fasteignaveðtryggðum skuldabréfum til sjóðfélaga. Hlutfall þess eignaflokks sem nær m.a. yfir sjóðfélagalán í fjárfestingarstefnunni færist á milli ára úr 6% í 10%. Hlutfall sértryggðra skuldabréfa og skuldabréfa sveitarfélaga eykst jafnframt lítillega. Hlutfall ríkisbréfa heldur hins vegar áfram að dragast saman. Ávöxtunarkrafa skuldabréfa með ábyrgð ríkissjóðs hefur lækkað verulega auk þess sem reglulega er greitt af bréfunum án þess að hægt sé að gera ráð fyrir mikilli nýrri útgáfu ríkisbréfa á næstu misserum. Í ljósi markaðsaðstæðna er tekið skref í stefnu sjóðsins til að auka við eignir í erlendum hlutabréfum. Gjaldeyrisviðskipti hafa verið háð takmörkunum frá haustinu 2008 en í mars 2017 voru höftin endanlega afnumin og er lífeyrissjóðum sem og öðrum fjárfestum á Íslandi nú heimilt að fjárfesta í erlendum verðbréfum.

Markmið og viðmið um ávöxtun og áhættu

Mat á væntri ávöxtun horft tólf mánuði fram í tímann er ætíð háð mikilli óvissu. Löng meðaltöl ávöxtunar gefa gjarnan ágæt viðmið en jafnframt er lítið til fleiri þátta sem kunna að hafa áhrif á væntingar á hverjum tíma.

Samkvæmt gefnum forsendum um ávöxtun verðbréfaflokka er vænt raunávöxtun sjóðsins fyrir árið 2018 um 3,9% en markmið sjóðsins er að ná a.m.k. 3,5% raunávöxtun til lengri tíma. Miðað við þær forsendur, sem sýndar eru í töflunni hér fyrir neðan, er áhætta (staðalfrávik) fjárfestingarstefnunnar um 5,5%. Miðað er við að áhætta eignasafns lífeyrissjóðsins sé sambærileg og áhætta fjárfestingarstefnunnar en það fer þó eftir markaðsaðstæðum á hverjum tíma.

Í töflu má sjá viðmiðunarvísitölur sem stuðst er við fyrir hvern eignaflokk.

	Markmið 2018	Vænt ávöxtun	Staðalfrávik	Viðmiðunarvísitala
Verðtryggð skuldabréf	55%	5,2%	5,6%	OMXI10YI
Óverðtryggð skuldabréf	18%	4,7%	9,0%	OMXI10YNI
Innlend hlutabréf	9%	10,0%	13,7%	OMXI8
Erlend hlutabréf	12%	8,0%	13,2%	MSCI World Index USD
Erlendar sérhæfðar fjárfestingar	6%	13,0%	17,7%	GLPEXUTR Index USD
Meðaltal	100%	6,4%	5,5%	
Verðbólga		2,5%		
Vænt raunávöxtun		3,9%		

Fjárfestingarstefnu Brúar lífeyrissjóðs 2018 í heild má sjá á heimasíðu sjóðsins: www.lifbru.is



B deild - lykiltölur



Löggjöld sjóðfélaga	113 m.kr.
Sérstök aukaframlög launagreiðenda	2.590 m.kr.
Lífeyrir	1.837 m.kr.



Hreinar fjárfestingatekjur	658 m.kr.
Rekstrarkostnaður	111 m.kr.
Hrein eign til greiðslu lífeyris	10.007 m.kr.
Skuldbindingar umfram eignir	11.204 m.kr.
Raunávöxtun ársins	4,3 %



Fjöldi virkra sjóðfélaga að meðaltali	164
Fjöldi lífeyrisþega að meðaltali	1.300





Sex réttindasöfn í B deild 2017

Um deildina

B deild Brúar lífeyrissjóðs var stofnuð sumarið 2013 með sameiningu fimm lokaðra sveitarfélagssjóða, en þá sameinuðust Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðar-kaupstaðar, Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar, Lífeyrissjóður starfsmanna Húsa-víkurkaupstaðar, Lífeyrissjóður Neskaupstaðar og Lífeyrissjóður starfsmanna Vest-mannaeyjakaupstaðar. Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar var sameinaður við B deild 1. janúar 2017. Þar með hættu sjóðirnir að vera sjálfstæðir en eru áfram aðskilin réttindasöfn innan B deildar.

Sjóðir sem sameinast hafa í B deildina eru lokaðir sjóðir, þ.e. þeir hættu að taka við nýjum sjóðfélögum þegar lífeyriskerfinu var breytt með lagasetningu árið 1998. Virkum sjóðfélögum sem greiða iðgjöld til sjóðsins fækkar með tímanum en að sama skapi fjölgar þeim sem fá greiddan lífeyri.

Helstu breytingar á árinu

Á árinu 2017 bættist Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar við B deildina eftir að sam-þykkt var að sameina hann við sjóðinn, miðað við 1. janúar 2017 og á árinu 2018 sameinast Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogs við B deild, miðað við 1. janúar 2018.

Réttindaávinnsla

Við sameiningu sjóða í B deild var lögð áhersla á að réttindi sjóðfélaga héldust óbreytt frá því sem þau voru fyrir sameiningu, sem og réttindaávinnsla til framtíðar. Réttindi eru tryggð með bakábyrgð launagreiðenda en þau myndast með tíma og hlutfalli starfs. Almennt er réttindaávinnsla B deildarinnar 2% á ári af dagvinnu-launum fyrir fullt starf. Hlutastarf skilar hlutfallslegum réttindum. Þeir sem vinna minna en 50% starf eiga ekki aðild að B deild.

Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða á B deild var neikvæð um 26,4% í árslok 2017. Heildar-eignir voru 31,2 milljarðar króna og heildarskuldbindingar 42,4 milljarðar króna og nemur því hallinn 11,2 milljörðum króna. Til að standa undir lífeyrisgreiðslum greiða launagreiðendur aukaframlag sem er ákveðið hlutfall af lífeyrisgreiðslum í hverju réttindasafni. Í tryggingafræðilegri athugun er tekið tillit til þessara framlaga og þau færð sem eign sem nemur 23,0 milljörðum króna. Skuldbinding B deildar er með bakábyrgð eftirfarandi sveitarfélaga; Hafnarfjarðarbæjar, Akraneskaupstaðar, Vestmannaeyjabæjar, Norðurþings, Fjarðabyggðar og Reykjanesbæjar, en hvert um sig ber bakábyrgð á réttindum þeirra sjóðfélaga sem réttindi áttu í sjóðunum við sameiningu og þeim réttindum sem þeir eiga eftir að afla fram til töku lífeyris. Réttindi sjóðfélaga í B deild eru því tryggð.




164 virkir
sjóðfélagar
í B deild

Iðgjöld

Að meðaltali greiddu 164 sjóðfélagar til B deildarinnar í hverjum mánuði á árinu 2017 en B deildin er lokuð fyrir nýjum félögum.

Á árinu 2017 námu iðgjaldagreiðslur til B deildar samtals 2.703 milljónum króna samanborið við 954 milljónir króna á árinu 2016 og er hækkun um 183,3% sem skýrist af uppgjörum á lífeyrisskuldbindingum dvalar- og hjúkrunarheimila. Iðgjaldagreiðslur til B deildar án aukaframlaga á árinu námu 113 milljónum króna samanborið við 92 milljónir króna á árinu 2016 sem er hækkun um 21,9%.





1.300
lífeyrisþegar
í B deild

Lífeyrir

Sjóðfélagar B deildar sem eru orðnir 65 ára og hafa látið af störfum hjá sveitarfélagi eða stofnunum þess geta hafið töku lífeyris. Möguleiki er að hefja töku lífeyris fyrir ef sjóðfélagi hefur náð 95 ára reglunni, sem er samantlagður sjóðfélagaaldur og lífaldur.


Makalífeyrir er að jafnaði 50% af áunnum réttindum sjóðfélaga og greiðist ævilangt. Makalífeyrir fellur niður ef maki hefur sambúð eða gengur í hjónaband að nýju.

Barnalífeyrir er greiddur þar til barn verður 18 ára.

Örorkulífeyrir tekur mið af áunnum réttindum og er miðaður við að lágmarki 10% örorkumat.

Heildarfjárhæð lífeyrisgreiðslna B deildarinnar á árinu 2017 nam 1.835 milljónum króna og skiptist heildarfjárhæðin þannig að 79,6% var greiddur ellilífeyrir eða samtals 1.460 milljónir króna, 5,8% örorkulífeyrir eða samtals 107 milljónir króna, 14,6% makalífeyrir eða samtals 268 milljónir króna og 0,03% barnalífeyrir eða samtals 0,6 milljónir króna



Meðalfjöldi lífeyrisþega B deildarinnar á árinu 2017 var 1.300.





Ávöxtun ársins

Nafnávöxtun B deildar var 6,1% á árinu og hrein raunávöxtun um 4,3%. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar var 3,8% í árslok. Framlag ávöxtunar má að stórum hluta rekja til verðtryggðra ríkisskuldabréfa og erlendra hlutabréfa sem hækkuðu mikið á árinu. Nánari umfjöllun um þróun á mörkuðum á árinu má finna á bls 9.



Kaup og sala ársins í B deild

Viðskipti ársins í B deild námu 431 milljónum króna á árinu 2017 samanborið við -67 milljónir króna árið áður. Sjóðurinn bætti mest við eignasafn sitt í fasteignaveðtryggðum skuldabréfum, skuldabréfum fyrirtækja, sértryggðum skuldabréfum og peningamarkaðssjóðum. Sjóðurinn dró á árinu úr eign sinni í innlendum hlutabréfum en bætti við fjárfestingu í erlendum hlutabréfum.

Hér má sjá samandregin verðbréfiðskipti ársins fyrir B deild (í milljónum króna):

Skuldabréf og peningamarkaðsinnlán	B deild
Ríkisskuldabréf	-4
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	75
Skuldabréf sveitarfélaga	6
Sértryggð skuldabréf	20
Skuldabréf og víxlar lánastofnana	19
Skuldabréf fyrirtækja	47
Peningamarkaðssjóðir	328
Hlutabréf og fagfjárfestasjóðir	
Innlend hlutabréf	-75
Innlendir fagfjárfestasjóðir	-1
Erlend hlutabréf	17
Erlendir fagfjárfestasjóðir	0
Kaup og sala verðbréfa nettó	431



Verðbréfaeign í árslok

Eignir í B deild hækkuðu á milli ára vegna samruna Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar við deildina. Fjárfestingaeignir og bankainnistæður B deildar námu 9,1 milljörðum króna í árslok 2017 samanborið við 4,3 milljarða króna í árslok 2016.

Stærsti hluti eignasafns sjóðsins er fjárfestur í innlendum skuldabréfum og innlán-um eða 78,9% um áramót og þar af voru ríkistryggð skuldabréf um 50%. Innlend og erlend hlutabréf og fagfjárfestasjóðir voru í árslok 21,1%.

Nánari skiptingu á eignasafni B deildar má sjá sundurliðaða eftir eignaflokkum í töflu hér fyrir neðan sem sýnir eignastöðu í árslok 2017 og fjárfestingarstefnu fyrir árið 2018.

Sundurliðun fjárfestingarstefnunnar 2018 fyrir B deild

	Eignaflokkar	Staða 31.12.2017	Stefna 2018	Vikmörk
A.a	Ríkisvixlar og skuldabréf	49,9%	48%	40-60%
A.b	Fasteignaveðtryggð skuldabréf	5,0%	5%	2-10%
B.a	Skuldabréf sveitarfélaga	2,5%	3%	1-10%
B.b	Innlán	5,0%	1%	0-10%
B.c	Sértryggð skuldabréf	2,8%	4%	1-10%
C.a	Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum	0,9%	1%	0-3%
C.b.a	Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS - skuldabréf	0,5%	0%	0-5%
C.b.b	Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS - hlutabréf	9,3%	12%	0-20%
D.a	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga og víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	6,1%	6%	0-10%
D.b	Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0,8%	1%	0-5%
E.a	Hlutabréf félaga	10,4%	12%	0-15%
E.b.a	Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu - fagfjárfestasjóðir	1,4%	0%	0-5%
E.b.b	Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu - fjárfestingasjóðir	5,6%	7%	0-10%
E.c	Fasteignir	0,0%	0%	0-10%
F.a	Afleiður	0,0%	0%	0-10%
F.b	Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0,0%	0%	0-10%
	Samtals:	100%	100%	



Fjárfestingarstefna B deildar 2018

Markmið í fjárfestingarstefnu B deildar er að ávaxta eignir sjóðsins á hagkvæman hátt og tryggja góða ávöxtun miðað við áhættu. Þá skal eignasamsetning sjóðsins vera í samræmi við heimildir VII. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.


Undanfarin ár hefur fjárfestingarstefna sjóðsins verið byggð þannig upp að samsetning eigna gefi góða ávöxtun að teknu tilliti til áhættu en jafnframt hefur verið horft til þess hvernig skuldbindingar falla til. Fjárfestingastefnan fyrir B deildina er sem fyrr varkár en markmiðið er að ekki reyni frekar á bakábyrgð sveitarfélaganna. Í fjárfestingarstefnu deildarinnar er nú tekið tillit til eigna Eftirlaunastjóðs Reykjanessbæjar en sá sjóður sameinaðist B deild Brúar lífeyrissjóðs miðað við 1. janúar 2017.

Samandregna eignastöðu B deildar í árslok 2017 ásamt fjárfestingarstefnu 2018 má sjá í töflu hér fyrir neðan. Fjárfestingarstefnan er jafnframt sýnd á skífuriti.

Samandregning eignaflokkar	Staða 31.12.2017	Stefna 2018
Skuldabréf og innlán	78,9%	76%
Innlend skuldabréf og innlán (Aa, Ba, Bb, Bc, Ca, Cba, Da, Db, Ebb)	72,3%	71%
Erlend skuldabréf og innlán (Aa, Bb, Cba, Da)	1,7%	0%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf (Ab)	5,0%	5%
Hlutabréf og fagfjárfestasjóðir	21,1%	24%
Innlend hlutabréf (Cbb, Ea)	10,4%	12%
Innlendir fagfjárfestasjóðir (Eba)	0,0%	0%
Erlend hlutabréf (Cbb, Ea)	9,2%	12%
Erlendir fagfjárfestasjóðir (Eba)	1,4%	0%
Samtals:	100,0%	100%

* Í svigum eru tilteknir þeir eignaflokkar sem samandregningin eru í viðkomandi tölu

** Eignaflokkar Aa, Bb, Cba, Cbb, Da, Ea og Eba innihalda bæði innlendar og erlendar eignir



Markmið og viðmið um ávöxtun og áhættu

Samkvæmt gefnum forsendum um ávöxtun verðbréfaflokka er vænt raunávöxtun sjóðsins fyrir árið 2018 um 3,5% en markmið sjóðsins er að ná a.m.k. 3,5% raunávöxtun til lengri tíma. Miðað við þær forsendur, sem sýndar eru í töflunni hér fyrir neðan er áhætta (staðalfrávik) fjárfestingarstefnunnar um 5,3%. Miðað er við að áhætta eignasafns lífeyrissjóðsins sé sambærileg og áhætta fjárfestingarstefnunnar en það fer þó eftir markaðsaðstæðum á hverjum tíma.

	Markmið 2018	Vænt ávöxtun	Staðalfrávik	Viðmiðunarvísitala
Verðtryggð skuldabréf	63%	4,9%	5,6%	OMX10YI
Óverðtryggð skuldabréf	13%	5,5%	9,0%	OMX10YNI
Innlend hlutabréf	12%	10,0%	13,7%	OMX18
Erlend hlutabréf	12%	8,0%	13,2%	MSCI World Index USD
Erlendar sérhæfðar fjárfestingar	0%	13,0%	17,7%	GLPEXUTR Index USD
Meðaltal	100%	6,0%	5,3%	
Verðbólga		2,5%		
Vænt raunávöxtun		3,5%		

Fjárfestingarstefnu Brúar lífeyrissjóðs 2018 í heild má sjá á heimasíðu sjóðsins: www.lifbru.is



Áhættustýring

Stjórn ber ábyrgð á að virk áhættustýring sé til staðar. Hún mótar áhættustefnu en markmið hennar er að auka öryggi í rekstri sjóðsins. Áhættustýringarvið greinir og meðhöndlar áhættu í starfsemi sjóðsins með reglubundnu áhættumati, markvissu eftirliti og aðgerðum. Áhætta í starfsemi sjóðsins er meðal annars skilgreind samkvæmt reglugerð um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða nr. 590/2017 og leiðbeinandi tilmælum nr. 2/2014 um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila. Áhætta getur fallist í atvikum sem lúta að eignum og skuldbindingum sjóðsins sem og rekstrarlegum þáttum. Á árinu 2017 var áhættustefna, stefna um áhættuvilja og áhættuþol, upplýsingaöryggisstefna og útvistunarstefna endurskoðaðar og uppfærðar. Hjá áhættustýringarviði var lögð mikil áhersla á vinnu við breytingar á tölvu- og upplýsingakerfum sjóðsins.

Áhættu – og fjárfestingarstefna

Sjóðurinn leitast við að ná sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu. Fjárfestingarstefnan gegnir mikilvægu hlutverki við áhættustýringu sjóðsins en þar eru mörkuð ákveðin viðmið og vikmörk fyrir áhættu. Við mótun áhættustefnu liggur til grundvallar mat á núverandi stöðu sjóðsins og þróun til framtíðar. Greind eru áhrif mismunandi eignasamsetningar eftir eignaflokkum og horft á vænta ávöxtun og áhættu.

Áhættumat og áhættuflokkun

Hluti að skilvirku áhættumati er að skilgreina starfsemi lífeyrissjóðsins í áhættuþætti. Í áhættustefnu sjóðsins eru skilgreindir fimm meginflokkar áhættu og í hverjum þeirra eru áhættuþættir sem er skipt í einstaka verkþætti og eru reglulega áhættumetnir. Frekari upplýsingar um áhættustýringu og einstaka áhættuþætti í starfsemi sjóðsins er að finna í skýringu 50–55 í ársreikningi þar sem fjallað er um hverja áhættu fyrir sig og hver áhrif hennar er á hreina eign til greiðslu lífeyris annars vegar og á tryggingafræðilega stöðu hins vegar.



Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn og stjórnendur Brúar lífeyrissjóðs hafa sett sér það markmið að hafa góða stjórnarhætti að leiðarljósi. Með stjórnarháttayfirlýsingu þessari er verið að uppfylla þær kröfur sem fram koma í 51. gr. reglna um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Við mótun stjórnarháttanna hefur stjórn sjóðsins stuðst við leiðbeiningar sem fram koma í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins á árinu 2015. Sjóðurinn vikur þó að hluta frá leiðbeiningunum einkum þar sem efnistöð eiga ekki við um lífeyrissjóði, til að mynda atriði sem varða hluthafafundi og hluthafa.

Hlutverk Brúar lífeyrissjóðs

Brú lífeyrissjóður starfar á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og samþykkt sjóðsins. Sjóðurinn var stofnaður 28. júlí 1998 með samningi á milli BHM, BSRB og Kennarasambands Íslands (KÍ) fyrir hönd hlutaðeigandi stéttarfélaganna annars vegar og hins vegar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sjóðurinn er með þrjár deildir sem eru:

- A deild: Kjarasamningsbundin aðild starfsmanna sveitarfélaga sem eru í BSRB, BHM og KÍ.
Þann 22. desember 2017 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 127/2017 um breytingu á lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem hafa áhrif á A deild Brúar lífeyrissjóð. Samkvæmt lögnum er frá 1. júní 2017 tekið upp breytt réttindakerfi þar sem sjóðfélagar ávinna sér réttindi í aldurstengdu réttindakerfi og lífeyristökualdur verður miðaður við 67 ára aldur. Núverandi sjóðfélögum er, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, áfram tryggð óbreytt jöfn réttindaávinnsla og óbreyttur 65 ára lífeyristökualdur. Til að tryggja óbreytt réttindi og til að mæta halla á stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017 greiddu launagreiðendur framlög í jafnvægisjóð sem er ætlað að koma áfallinni stöðu A deildar í jafnvægi, framlög í lífeyrisaukasjóð til að mæta breytingu á réttindaöflun sjóðsfélaga og framlög í varúðarsjóð sem er ætlað að styðja við lífeyrisaukasjóðinn.
- V deild: Deild sem er öllum opin.
- B deild: Réttindasöfn lokaðra lífeyrissjóða sveitarfélaga sem sameinuðust í eina deild þann 1. júlí 2013:
 - Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar
 - Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar
 - Lífeyrissjóður Neskaupstaðar
 - Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkkaupstaðar
 - Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjarkaupstaðar
 - Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar sameinaðist B deild þann 1. janúar 2017.

Hlutverk Brúar lífeyrissjóðs er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum sem fram koma í samþykktum sjóðsins. Í samþykktum kemur m.a. fram að sjóðurinn leggi áherslu á ellilífeyrisréttindi og áskilji sér heimild til að verja þau réttindi umfram önnur við endurskoðun á réttindaákvæðum samþykkt sjóðsins.

Stjórnarhættir

Brú lífeyrissjóður leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja framangreindum leiðbeiningum um stjórnarhætti. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem hlutverk hennar er skilgreint. Í reglunum er fjallað um verksvið stjórnar, boðun stjórnarfundanna, reglur um fundarsköp, vanhæfisástæður, hagsmunatengsl og fleira. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins.

Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti

Í leiðbeiningunum er hvatt til þess að stjórn skipi starfskjaranefnd til að setja sjóðnum starfskjarastefnu og semja við framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn, um laun og önnur starfskjör. Stjórn sjóðsins ákvað að setja ekki á fót sérstaka starfskjaranefnd í ljósi þess að einungis tuttugu og fjórir starfsmenn starfa hjá sjóðnum.

Þá hvetja leiðbeiningarnar til þess að tilnefningarnefnd sé kosin á aðalfundi en hún á ekki við hjá sjóðnum.

Stjórnarháttayfirlýsing

Lög, reglur og tilmæli

Brú lífeyrissjóður er eftirlitsskyldur aðili sbr. lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Lög, reglur og tilmæli sem varða starfsemi lífeyrissjóða er hægt að nálgast á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins (FME), www.fme.is.

Innri reglur og stefnur Brúar lífeyrissjóðs eru m.a. eftirfarandi:

- Starfsreglur stjórnar
- Siðareglur
- Verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna
- Reglur um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna með fjármálagerninga
- Erindisbréf endurskoðunarnefndar
- Fjárfestingarstefna
- Áhættustefna
- Stefna um áhættuvilja
- Stefna um upplýsingaöryggi
- Útvistunarstefna
- Stefna í upplýsingatækni
- Starfskjarastefna

Áhættustýring og innra eftirlit

Áhættustýring

Stjórn hefur sett sjóðnum áhættustefnu með það að markmiði að auka öryggi í rekstri sjóðsins. Stefnan grundvallast á lagafyrirmælum, leiðbeinandi reglum FME og stöðlum. Áhættustýring hefur mótað eftirlitskerfi þar sem áhættur í starfsemi sjóðsins eru greindar, metnar og vaktar. Áhersla er lögð á góða yfirsýn stjórnar og stjórnenda yfir helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins og að starfsmenn sjóðsins hafi þekkingu á hlutverki sínu hvað það varðar og taki virkan þátt.

Sviðsstjóri áhættustýringar er ábyrgðarmaður með framkvæmd og eftirfylgni á áhættustefnu og áhættustýringu sjóðsins og heyrir hann beint undir framkvæmdastjóra. Til að tryggja honum aukið sjálfstæði í starfi hefur hann beinan og milliliðalausan aðgang að stjórn og endurskoðunarnefnd.

Nánari upplýsingar um áhættustýringu er að finna í ársskýrslu og skýringum í ársreikningi.

Innra eftirlit.

Innra eftirlit sjóðsins er skipulagt til þess að sjóðurinn nái settum markmiðum í starfsemi sinni með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum ásamt því að tryggja að lögum og reglum sé framfylgt. Innri endurskoðun yfirfer árlega virkni innra eftirlits sjóðsins. Að framkvæmd innra eftirlits koma allir starfsmenn sjóðsins með einum eða öðrum hætti. Innra eftirlit sjóðsins byggir meðal annars á verkferlum, starfslýsingum, skýrsluskilum, upplýsingagjöf, aðgreiningu starfa og aðgangsstýringum.


Stjórnskipulag Brúar lífeyrissjóðs

Skipurit sjóðsins var ekki breytt á árinu 2017 en tók breytingu í upphafi ársins 2018 þegar lánamál voru sett undir eignastýringu sjóðsins, enda eru sjóðfélagalán hluti af fjárfestingaæign sjóðsins.

Stjórn

Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins og sér til þess að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og samþykktu sjóðsins. Stjórnin tekur stefnumarkandi ákvarðanir er varða hag og starfsemi sjóðsins. Hún mótar og ber ábyrgð á skipulagi og virkni innra eftirlits. Stjórn semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að annast innri endurskoðun. Jafnframt ræður hún löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að annast ytri endurskoðun sem og tryggingastærðfræðing til að sjá um tryggingafræðilega athugun.

Stjórnarháttayfirlýsing

**Endurskoðunarnefnd**

Samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga skulu einingar sem tengdar eru almannahagsmunum eins og lífeyrissjóðir starfrækja endurskoðunarnefnd. Stjórn skipar endurskoðunarnefnd sem heyrir beint undir stjórn. Upplýsingar um nefndina eru á heimasíðu sjóðsins.

Hlutverk endurskoðunarnefndar er eftirfarandi:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringu
- Mat á óhæði og eftirlit með störfum endurskoðanda
- Leggja fram tillögu um val á innri og ytri endurskoðanda.

Endurskoðun

Endurskoðunarnefnd sjóðsins gerir tillögu um val á bæði innri og ytri endurskoðendum og skulu þeir vera í sitthvora endurskoðunarfyrirtækinu. Ársreikningar sjóðsins eru endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Innri endurskoðun er í höndum sjálfstætt starfandi endurskoðanda.

Skipan stjórnar og stjórnarmenn

Samkvæmt samþykktum sjóðsins er stjórnin skipuð sex stjórnarmönnum og jafnmörgum varamönnum. Samband íslenskra sveitarfélaga skipar þrjá stjórnarmenn, BSRB skipar tvo og Bandalag háskólamanna skipar einn. Skipunartími stjórnarmanna er fjögur ár og kýs stjórnin formann úr sínum hópi til tveggja ára í senn. Aðalmenn í stjórn sjóðsins eru Garðar Hilmarsson formaður stjórnar, Kristbjörg Stephensen varaformaður, Benedikt Valsson, Elín Björg Jónsdóttir, Salóme A. Þórisdóttir og Sigurbergur Ármannsson.

Í endurskoðunarnefnd eru þau Karl Björnsson, formaður, Elín Björg Jónsdóttir og Stefán Aðalsteinsson.

Sjálfsmat stjórnar.

Stjórn gerði sjálfsmat á árinu 2017 á störfum sínum. Niðurstaða matsins mun nýtast til að þróa og móta starfshætti sjóðsins betur en matið tók m.a. til skipan, skipulags, eftirlits og upplýsingagjafar.

Stjórnarháttayfirlýsing

Fjöldi funda og mæting.

Á árinu 2017 voru haldnir 21 stjórnarfundur og 1 vinnufundur stjórnar. Upplýsingar um fundarsókn einstakra stjórnarmanna koma fram í eftirfarandi upplýsingum.

Á árinu 2017 fundaði endurskoðunarnefnd 8 sinnum

Stjórnarmenn:

Garðar Hilmarsson, formaður stjórnar.

Garðar hefur setið í stjórn sjóðsins frá árinu 2006. Hann er núverandi formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og hefur verið sem slíkur frá árinu 2006. Garðar sat 21 stjórnarfund á árinu 2017.

Kristbjörg Stephensen, varaformaður stjórnar.

Kristbjörg hefur setið í stjórn sjóðsins frá árinu 2006. Kristbjörg starfaði sem borgarlögmaður frá árinu 2007 til 2017 en í júní 2017 var hún skipuð sem dómari í Landsrétti. Kristbjörg sat 14 stjórnarfundum á árinu 2017.

Elín Björg Jónsdóttir.

Elín Björg hefur setið í stjórn sjóðsins frá stofnun hans eða 1998. Hún er formaður BSRB frá október 2009. Elín sat 19 stjórnarfundum á árinu 2017.

Benedikt Þór Valsson.

Benedikt hefur setið í stjórn sjóðsins frá 2014. Hann hefur starfað sem hagfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2009. Benedikt sat 17 stjórnarfundum á árinu 2017.

Salóme A. Þórisdóttir.

Salóme hefur setið í stjórn sjóðsins frá 2010. Hún hefur starfað sem ráðgjafi á sviði starfsendurhæfingar hjá Virk. Salóme sat 20 stjórnarfundum á árinu 2017.

Sigurbergur Ármannsson.

Sigurbergur hefur setið í stjórn sjóðsins frá 2014. Hann hefur gengt stöðu fjármálastjóra Vestmannaeyjabæjar frá árinu 2008. Sigurbergur sat 20 stjórnarfundum á árinu 2017.

Framkvæmdastjóri sjóðsins frá árinu 2014 er Gerður Guðjónsdóttir. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir ákvæðum laga nr. 129/1997, reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim og samþykktum sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri fer með atkvæði sjóðsins á fundum hlutafélaga sem sjóðurinn á hluti í, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

Sviðsstjóri réttinda- og lögfræðisviðs er Þóra Jónsdóttir. Sviðið sér um skráningu og innheimtu iðgjalda, úrskurði lífeyris og lífeyrisgreiðslur. Þóra er skilgreind sem lykilstarfsmaður.

Sviðsstjóri áhættustýringar er Ingi K. Pálsson. Áhættustýringarsvið greinir og metur áhættu og gerir aðgerðaáætlun ef áhætta mælist út fyrir skilgreind mörk. Ingi er skilgreindur sem lykilstarfsmaður.

Sviðsstjóri fjármálasviðs er Pálína Margrét Hafsteinsdóttir. Fjármálasviðið sér um bókhald, fjármál, reikningsskil og upplýsingatækni sjóðsins. Pálína er skilgreind sem lykilstarfsmaður.

Sviðsstjóri eignastýringar frá ágúst 2017 er Svandís Rún Ríkarðsdóttir. Sviðið ber ábyrgð á daglegum rekstri eignastýringar, samskiptum við eignastýringaraaðila, eftirliti með fjárfestingum, tekur þátt í mótun fjárfestingarstefnu, veitingu sjóðfélagalána og skýrslugerð. Svandís Rún er skilgreind sem lykilstarfsmaður.

Samþykkt af stjórn Brúar lífeyrissjóðs

Reykjavík 23. apríl 2018

BRÚ
LÍFEYRISSJÓÐUR

Ársreikningur 2017

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	42
Áritun óháðs endurskoðanda	47
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2017	49
Efnahagsreikningur 31. desember 2017	50
Sjóðstreymi ársins 2017	51
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2017	52
Skýringar	56
Kennitölur	79
Deildaskipt yfirlit	83

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Starfsemi sjóðsins

Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktum sem settar hafa verið um starfsemi sjóðsins og öðrum reglum sem um lífeyrissjóði gilda.

Sjóðurinn er sameignarsjóður og starfar í þremur deildum, A deild, V deild og B deild. B deild skiptist í sex réttindasöfn þ.e., Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar (LA), Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar (ESH), Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar (LsH), Lífeyrissjóður Neskaupsstaðar (LN), Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar (LV) og Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar (ER).

Sjóðurinn annast jafnframt rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar.

Samræming lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði - breytingar á A deild

Þann 22. desember 2016 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 127/2016 um breytingu á lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem hafa áhrif á A deild Brúar lífeyrissjóðs. Helstu breytingar voru eftirfarandi en þær komu til framkvæmda 1. júní 2017:

- Réttindaávinnslu A deildar breytt úr jafnri réttindaávinnslu yfir í aldurstengda réttindaávinnslu.
- Lífeyrisaldur samræmdur við almennan vinnumarkað og verður 67 ár.
- Nýir sjóðfélagar frá 1. júní 2017 fara í aldurstengda réttindaávinnslu.
- A deild er viðhaldið en þeir sem greiða áfram iðgjald til sjóðsins fara yfir í aldurstengda réttindaávinnslu en mismunur á réttindum í jafnri og aldurstengdri ávinnslu er greiddur með sérstöku framlagi, lífeyrisauka, sem launagreiðendur, sveitarfélög og ríki greiða til sjóðsins.
- Launagreiðendur greiða einnig framlag í varúðarsjóð til sjóðsins.
- Mótframlag launagreiðanda lækkaði úr 12% í 11,5% þann 1. júní 2017.
- Réttindi þeirra sem byrjaðir eru á lífeyri þann 31. maí 2017 og þeirra sem verða 60 ára á sama tíma eru ekki skert eða aukin þó svo til skerðingar eða réttindaaukningar komi hjá öðrum sjóðfélögum. Launagreiðendur, sveitarfélög og ríkissjóður gera sérstaklega upp fjárhagsleg áhrif vegna þessara sjóðfélaga við sjóðinn.

Í lok árs 2017 lá fyrir uppgjör á framlögum launagreiðenda sem byggðist á reikningsskilum fyrir tímabilið 1. janúar til 31. maí 2017 og tryggingafræðilegri athugun á stöðu sjóðsins 31. maí 2017. Framlög hvers launagreiðenda tóku mið af iðgjaldaskilum hans til sjóðsins annars vegar frá upphafi til 31. maí 2017 fyrir jafnvægisjóðinn en hins vegar iðgjaldaskil fyrir tímabilið 1. janúar 2017 til 31. maí 2017 fyrir lífeyrisauka- og varúðarsjóðinn. Í lok árs 2017 voru framlögin innheimt og var eindagi 15. febrúar 2018.

Til innheimtu voru samtals 40.203 m.kr. sem skiptust þannig að jafnvægisjóður nam 9.956 m.kr., lífeyrisaukasjóður nam 27.232 m.kr. og varúðarsjóður nam 3.015 m.kr. Í skýringu 24 má finna frekari umfjöllun.

Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar sameinast B deild

Stjórn sjóðsins og stjórn Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar (ER) samþykktu á árinu að sameina ER við B deild Brúar frá og með 1. janúar 2017. Það felur í sér að eignasafn B deildar Brúar og eignasafn ER voru sameinuð í eitt safn. Yfirtekin hrein eign ER til greiðslu lífeyris var við sameininguna 4.015 m.kr. Skuldbindingum hvers réttindasafns í B deild er haldið aðgreindum auk þess sem að réttindi og réttindaávinnsla sjóðfélaga helst óbreytt. Sjá frekari umfjöllun og áhrif af sameiningunni á B deild Brúar í skýringu 47-49.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Sjóðfélagar og iðgjöld

Sjóðfélagar, þ.e. einstaklingar sem eiga réttindi í sjóðnum óháð því hvort þeir hafa greitt iðgjald á árinu eða þegið lífeyri, voru 100.083 í árslok 2017, samanborið við 99.596 í upphafi árs.

Alls greiddu að meðaltali 16.665 einstaklingar iðgjöld til sjóðsins (2016: 16.225) og skiptust þeir milli sjóðsdeilda sem hér segir:

Fjöldi	A deild	V deild	B deild	Samtals
2017	12.062	4.439	164	16.665
2016	11.491	4.570	164	16.225
Breyting	+5,0%	-2,9%	+0,3%	+2,7%

Iðgjöld án aukaframlaga námu 11.530 m.kr. á árinu 2017 (2016: 10.650 m.kr.). Þau skiptust milli sjóðsdeilda sem hér segir:

í m.kr.	A deild	V deild	B deild	Samtals
2017	8.808	2.609	113	11.530
2016	8.088	2.470	92	10.650
Breyting	+8,9%	+5,6%	+21,9%	+8,3%

Iðgjöld samtals námu 50.373 m.kr. á árinu 2017 (2016: 11.599 m.kr.). Þau skiptust milli sjóðsdeilda sem hér segir:

í m.kr.	A deild	V deild	B deild	Samtals
2017	45.045	2.626	2.703	50.373
2016	8.154	2.491	954	11.599
Breyting	+452,4%	+5,4%	+183,3%	+334,3%

Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur

Að meðaltali fengu 6.512 einstaklingar greiddan lífeyri frá samtryggingadeildum sjóðsins á árinu 2017 (2016: 5.500) og skiptust þeir milli sjóðsdeilda sem hér segir:

Fjöldi	A deild	V deild	B deild	Samtals
2017	4.087	1.125	1.300	6.512
2016	3.531	979	990	5.500
Breyting	+15,8%	+14,9%	+31,3%	+18,4%

Greiddur lífeyrir nam 4.517 m.kr. á árinu 2017 (2016: 3.598 m.kr.). Hann skiptist milli sjóðsdeilda sem hér segir:

í m.kr.	A deild	V deild	B deild	Samtals
2017	2.478	202	1.837	4.517
2016	2.089	161	1.349	3.598
Breyting	+18,7%	+25,8%	+36,1%	+25,5%

Fjárfestingatekjur og rekstrarkostnaður

Hreinar fjárfestingatekjur námu 12.639 m.kr. á árinu 2017 (2016: 2.443 m.kr.). Rekstrarkostnaður sjóðsins, þ.e. skrifstofu- og stjórnunar-kostnaður, nam 426 m.kr. (2016: 295 m.kr.), sem jafngildir 0,3% af meðalstöðu eigna (2016: 0,2%).

Meðalfjöldi stöðugilda á árinu var 19,9 (2016: 16,0). Launagreiðslur voru alls 241 m.kr. (2016: 172 m.kr.) og launatengd gjöld 96,7 m.kr. (2016: 41,5 m.kr.) þar af er framlag sjóðsins í jafnvægis, lífeyrisauka- og varúðarsjóð vegna breytinga á A deild Brúar 36 m.kr. Orlofsskuldbinding var 24,7 m.kr. í árslok 2017 (2016: 19,2 m.kr.).

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Heildareignir og hrein eign til greiðslu lífeyris

Heildareignir sjóðsins námu 193.253 m.kr. í árslok 2017 (2016: 128.617 m.kr.) og skiptust þær milli sjóðsdeilda sem hér segir:

í m.kr.	A deild	V deild	B deild	Samtals
2017	156.710	26.469	10.073	193.253
2016	102.137	21.845	4.636	128.617
Breyting	+53,4%	+21,2%	+117,3%	+50,3%

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 190.559 m.kr. í árslok 2017 (2016: 128.475 m.kr.) og skiptist hún milli sjóðsdeilda sem hér segir:

í m.kr.	A deild	V deild	B deild	Samtals
2017	154.462	26.090	10.007	190.559
2016	102.066	21.830	4.579	128.475
Breyting	+51,3%	+19,5%	+118,5%	+48,3%

Ávöxtun

Nafnávöxtun á árinu 2017 var 7,9% (2016: 1,8%) sem samsvarar 6,0% raunávöxtun (2016: -0,3%). Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára var 4,8% og meðalraunávöxtun síðustu 10 ára var 2,2%.

Visitala neysluverðs hækkaði úr 438,4 í 446,0 eða um 1,7% á árinu 2017.

Tryggingafræðileg úttekt

Tryggingafræðileg úttekt er gerð sérstaklega fyrir hverja deild sjóðsins og undirliggjandi réttindasöfn. Við úttektina er miðað við að raunávöxtun eigna verði 3,5% á komandi árum. Nánari upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu er að finna í sérstöku yfirliti fyrir hverja deild og réttindasafn fyrir sig og í skýringu 42.

Heildarskuldbinding og hlutfall heildareigna umfram heildarskuldbindingu skiptist á milli sjóðsdeilda sem hér segir:

í m.kr.	A deild		V deild		B deild	
2017	-2.955	-1,1%	1.713	+2,7%	-11.204	-26,4%
2016	-30.049	-13,3%	1.939	+3,4%	-8.339	-25,8%
Breyting	-90,2%		-11,6%		+34,4%	

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar í árslok 2017 sýnir að í A deild voru heildarskuldbindingar umfram eignir um 1,1%. Eins og fram kemur í skýrslu stjórnar þá var með setningu laga nr. 127/2016 lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt og hefur sú lagabreyting einnig áhrif á A deild Brúar. Samþykktum sjóðsins var breytt og komu inn ný ákvæði um jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð. Launagreiðendum í A deild var skylt að greiða framlag í jafnvægisjóð en sá sjóður var nýttur til að koma áfallinni tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í jafnvægi miðað við 31. maí 2017.

Stjórnarhættir og áhættustýring

Stjórn og stjórnendur lífeyrissjóðsins hafa sett sér það markmið að hafa góða stjórnarhætti að leiðarljósi. Sjóðurinn hefur sett sér starfsreglur í samræmi við 51. gr reglna um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Við mótun stjórnarhátta hefur stjórn sjóðsins stuðst við leiðbeiningar sem fram koma í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins á árinu 2015.

Sjóðurinn fylgir leiðbeiningunum í meginatriðum en vikur þó að hluta frá leiðbeiningunum einkum þar sem efnistöð eiga ekki við um lífeyrissjóði, til að mynda atriði sem varða hluthafafundi og hluthafa.

Stjórn ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins og sér til þess að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og samþykta sjóðsins. Stjórn skipar þriggja manna endurskoðunarnefnd sem heyrir beint undir stjórn en samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga skulu einingar tengdar almannahagsmunum eins og lífeyrissjóðir starfrækja endurskoðunarnefnd. Frekari upplýsingar um stjórn, einstaka stjórnarmenn og stjórnarhætti er að finna í sérstakri yfirlýsingu stjórnar sem er birt á heimasíðu sjóðsins.

Áhættustefna sjóðsins var yfirfarin á árinu 2017 og var uppfærð stefna samþykkt af stjórn þann 23. október 2017. Tilgangur með áhættustefnu er að auka öryggi í rekstri sjóðsins þannig að áhætta er metin fyrir ákvörðunartöku eftir því sem eðlilegt er hverju sinni. Stefnan byggir á skilgreiningu á áhættustýringu sem felst í leiðum til að greina, fylgjast með og takmarka áhættu í rekstri sjóðsins.

Áhætta í starfsemi er skilgreind til samræmis við skilgreiningu í leiðbeinandi tilmælum FME, sem öll þau atvik sem auka marktækt líkurnar á því að réttindi sjóðfélaga skerðist til skemmri eða lengri tíma. Nær þessi áhætta bæði til atvika sem lúta að eignum og skuldbindingum sjóðsins sem og rekstrarlegum þáttum. Nánar er fjallað um áhættustýringu sjóðsins í skýringum 50–55.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Lífeyrissjóðir teljast til eininga tengdum almannahagsmunum eins og hugtakið er skilgreint í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum. Með breytingum á þeim lögum, sem tóku gildi í júní 2016, bættist m.a. ný grein við lög um ársreikninga, sem varðar ófjárhagslega upplýsingagjöf í reikningsskilum félaga sem teljast einingar tengdar almannahagsmunum.

Í yfirliti með skýrslu stjórnar skulu, skv. 66. gr. d liðar í lögnum um ársreikninga sem tóku gildi í júní 2016, fylgja upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Þá skal gerð grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum. Ef félagið hefur ekki stefnu samkvæmt ákvæðinu skal gera skýra og rökstudda grein fyrir því í yfirlitinu.

Hlutverk Brúar er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins, lög og aðrar reglur sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða.

Síðareglur

Í síðareglum sjóðsins er að finna aðgerðir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra stjórnar- og starfsmanna við sjóðinn og sporna við spillingar- og mútumálum. Gjafir eru ekki þegar né greiðsla annarra á kostnaði vegna stjórnar- og starfsmanna, ef það gefur tilefni til að draga trúverðugleika sjóðsins í efa eða gefur ástæðu til að ætla að það hafi áhrif á ákvarðanir.

Hlutverk starfsmanna er að annast rekstur sjóðsins, þjónusta og eiga samskipti við sjóðfélaga, launagreiðendur, eftirlitsaðila, fjármála- stofnanir og aðra hagaðila. Innleiðing á nýjum upplýsingakerfum á síðustu misserum mun leiða til betra, skilvirkara og áreiðanlegra upplýsingarfleði til hagaðila sem eflir trúverðugleika sjóðsins.

Ábyrgar fjárfestingar

Brú er meðal stofnaðila að Iceland SIF sem er sjálfstæður umræðuvettvangur fyrir ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Samtökin voru stofnuð 13. nóvember 2017 en megin tilgangur samtakanna er að efla þekkingu fjárfesta á aðferðarfræði sjálfbærra og ábyrga fjárfestinga og stuðla að aukinni umræðu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar.

Sjóðurinn er að feta sín fyrstu spor við innleiðingu á eigendastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Enn sem komið er hefur sjóðurinn ekki skilgreint ófjárhagslega mælikvarða en unnið er að mótun þeirra. Þó er ljóst að við ákvörðun fjárfestingakosta verður horft til umhverfsmála, félagsmála og góðra stjórnarháttanna.

Peningaþvætti

Sjóðurinn hefur sett sér reglur á grundvelli laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og leiðbeinandi tilmæla FME nr. 3/2011 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Með reglunum leitast sjóðurinn við að koma í veg fyrir að rekstur og starfsemi sjóðsins verði notaður til að þvætta fjármuni eða til fjármögnunar hryðjuverka. Árlega skilar ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti skýrslu til stjórnar sjóðsins.

Mannauðsmál

Brú leggur ríka áherslu á góðan starfsanda, hvetjandi vinnuumhverfi og fyrirmyndar starfsaðstöðu. Áhersla á heilsuefningu er skýr en sjóðurinn styrkir starfsfólk til heilsuræktar, tekur þátt í vinnustaðakeppni Lífshlaupsins auk þess sem að árlega er boðið upp á heilsufarsmælingu og flensusprautu.

Hafin er vinna við þróun jafnlaunakerfis sem liggur til grundvallar jafnlaunavottunar en stefnt er að vottun á árinu 2018. Innleiðing jafnlaunakerfis er liður í því að tryggja gæði í starfsemi sjóðsins, efla starfsánægju og hollustu starfsfólks, uppfylla samfélagslega ábyrgð og stuðla áfram að góðum stjórnarháttum.

Það er ætlun sjóðsins að setja fram skýra stefnu um umhverfismál í daglegri starfsemi. Liður í því er að stuðla að enn frekari flokkun á úrgangi til endurvinnslu og almenn lágmarkun úrgangs. Unnið er að því að setja upp rafhleðslustöð á lóð sjóðsins sem tekin verður í notkun á árinu 2018.

Þróun sjóðsins og framtíðarhorfur

Eins og sjá má á ársreikningi sjóðsins hafa breytingar á A deild haft mikil áhrif á fjárhags- og tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Réttindaávinnsla A deildar fer úr jafnri ávinnslu yfir í aldurstengda ávinnslu. Óbein ábyrgð launagreiðenda er ekki lengur til staðar nema fyrir þá sjóðfélaga sem byrjaðir voru á lífeyri fyrir 1. júní 2017 og þeirra sem verða 60 ára á sama tíma en réttindi þeirra eru ekki skert eða aukin þó svo til skerðingar eða réttindaaukningar komi hjá öðrum sjóðfélögum. Megin hlutverk sjóðsins verður sem fyrr að greiða lífeyri og ávaxta eignir innan ramma laga og fjárfestingarstefnu sjóðsins í þeim tilgangi að standa undir lífeyrisskuldbindingum sjóðsins.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Sameining Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar við B deild Brúar lífeyrissjóðs

Stjórn sjóðsins og stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar (LSK) hafa samþykkt að sameina LSK við B deild Brúar lífeyrissjóðs frá og með 1. janúar 2018. Það felur í sér að eignasafn B deildar Brúar lífeyrissjóðs og eignasafn LSK verða sameinuð í eitt safn. Skuldbindingum hvers réttindasafns í B deild Brúar er haldið aðgreindum auk þess sem að réttindi og réttindaávinnsla sjóðfélaga helst óbreytt. Bæjarstjórn Kópavogsbæjar, Starfsmannafélag Kópavogsbæjar og Kennarasamband Íslands hafa samþykkt sameininguna.

Atburðir eftir lok reikningsárs

Frá lokum reikningsárs fram að áritunardegi hafa ekki orðið neinir óhagstæðir atburðir sem hafa haft verulega þýðingu á fjárhagslega stöðu sjóðsins.

Áhrif óvissu í ytra starfsumhverfi

Starfsemi sjóðsins á árinu 2017 einkenndist að innleiðingu nýrra upplýsingakerfa og uppgjöri vegna breytinga á A deild sjóðsins. Búið er að afnema fjármagnshöft þannig að nú skapast aukin tækifæri fyrir sjóðinn til að kaupa erlendar verðbréfaeignir en breytingar í landslagi stjórn mála geta haft mikil áhrif á fjármagnsmarkaði sem erfitt er að sjá fyrir.

Stjórn og framkvæmdastjóri Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning þennan með undirskrift sinni.

Reykjavík, 30. apríl 2018



Garðar Hilmarsson, formaður stjórnar



Kristbjörg Stephensen, varaformaður stjórnar



Benedikt Þór Valsson, stjórnarmaður




Elín Björg Jónsdóttir, stjórnarmaður



Sigurbergur Ármannsson, stjórnarmaður



Salóme Anna Þórisdóttir, stjórnarmaður



Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingadeildar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, skýringar, kennitölur og deildaskipt yfirlit.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2017, efnahag hans 31. desember 2017, breytingu á handbæru fé á árinu 2017 og tryggingafræðilegri stöðu 31. desember 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð lífeyrissjóðnum samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi lífeyrissjóðsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

